

Skipulags- og samgönguráð

Ár 2022, miðvikudaginn 6. apríl kl. 9:03, var haldinn 134. fundur skipulags- og samgönguráðs Reykjavíkur. Fundurinn var haldinn að Borgartúni 12 - 14, 7. hæð, Hofi. Eftirtaldir fulltrúar tóku sæti á fundinum: Pawel Bartoszek, Hjálmar Sveinsson, Ragna Sigurðardóttir og Jórunn Pála Jónasdóttir. Eftirtaldir fulltrúar tóku sæti á fundinum með rafrænum hætti með vísan til 1. másl. 1. mgr. 54. gr. sbr. 4. másl. 1. mgr. 13. gr. samþykktar um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar varðandi fjarfundaheimild: Alexandra Briem, Ólafur Kr. Guðmundsson, Örn Þórðarson og áheyrnarfulltrúarnir Anna Maria Wojtynska, Kolbrún Baldursdóttir og Vigdís Hauksdóttir. Eftirtaldir embættismenn og aðrir starfsmenn sátu fundinn: Björn Axelsson, Guðbjörg Lilja Erlendsdóttir, Borghildur Sölvey Sturludóttir og Jóhanna Guðjónsdóttir. Fundarritari var Glóey Helgudóttir Finnsdóttir.

Þetta gerðist:

(D) Ýmis mál

1. Breyting á fundadagatali, tillaga Mál nr. US210074

Lagt er til að áætlaður fundur skipulags- og samgönguráðs 11. maí 2022 verði felldur niður.

Samþykkt.

(A) Skipulagsmál

2. Afgreiðslufundir skipulagsfulltrúa Reykjavíkur, fundargerð Mál nr. SN010070

Lagðar fram fundargerðir embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 25. mars og 1. apríl 2022.

3. Hólmsheiði/Fjárborg/Almannadalur, breyting á deiliskipulagi Mál nr. SN210665

Að lokinni auglýsingu er lögð fram að nýju umsókn Hestamannafélagsins Fáks dags. 22. september um breytingu á deiliskipulagi Hesthúsabyggðar á Hólmsheiði. Í breytingunni felast annars vegar breytingar á framtíðaráætlunum á svæðinu og hins vegar samræming skipulagsins að núverandi stöðu. Um er að ræða breytingar í þrettán liðum, auk fimm lagfæringa á uppdrætti til samræmis við núverandi stöðu, samkvæmt uppdr. Landslags. dags. 16. október 2021, br. 18. febrúar 2022. Tillagan var auglýst frá 1. desember 2021 til og með 12. janúar 2022. Eftirtaldir sendu athugasemdir: Sveinbjörn Guðjohnsen f.h. stjórnar Fjáreigendafélags Íslands dags. 11. janúar 2022, Ólafur R. Dýrmundsson Ph.D. dags. 11. janúar 2022 og Bjarni Jónsson dags. 12. janúar 2022. Einnig er lagður fram tölvupóstur Veitna dags. 8. febrúar 2022 vegna kostnaðar við dreifikerfi og heimlagfir. Loks er lögð fram umsögn skipulagsfulltrúa, dags. 18. febrúar 2022. Lagt er til að tillagan verði samþykkt með þeim breytingum sem koma fram í umsögninni.

Samþykkt sbr. 3. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Vísað til borgarráðs.

Áheyrnarfulltrúi Flokks fólksins leggur fram svohljóðandi bókun:

Hér er um að ræða breytingu á deiliskipulagi Hólmsheiði/Fjárborg/Almannadalur. Allmargar athugasemdir eru við deiliskipulagstillöguna. Eftir því sem sýnist er tekið vel í þær flestar. Svo virðist sem skipulagsyfirvöld hafi ekki samband við þá sem senda inn

athugasemdir eftir því sem fulltrúi Flokks fólksins kemst alla vega næst. Þeir sem það gera geta því aðeins vonað að tekið verði tillit til þeirra. Fyrir lesanda gagna er ekki gott að átta sig á hvað af þessum athugasemdum og frá hverjum hafa verið teknar til greina. Það væri gott ef þetta væri sett skýrar fram í gögnum með málinu.

Björn Ingi Edvardsson verkefnastjóri tekur sæti á fundinum undir þessum lið með rafrænum hætti.

4. Borgartún 34-36, breyting á deiliskipulagi (01.232.0) Mál nr. SN210351

Lögð fram umsókn Gunnars Sigurðssonar dags. 9. maí 2021 ásamt minnisblaði dags. 30. apríl 2021 um breytingu á deiliskipulagi lóðarinnar nr. 34-36 við Borgartún. Í breytingunni felst að byggingarmagn er aukið og íbúðum fjölgað, samkvæmt uppdráttum (5 uppdr.) Tvíhorfs ehf. dags. 3. júní 2021. Einnig er lögð fram greinargerð Andakt arkitekta dags. 28. janúar 2022 þar sem gerð er grein fyrir þeim breytingum sem orðið hafa síðan tillagan var samþykkt í kynningu m.a. hefur íbúðum fækkað um 2, úr 102 í 100, og salar- og hámarkshæð hækkað um 1-1,65 m. Lagt er til að tillagan verði afgreidd í auglýsingu.

Samþykkt að auglýsa framlagða tillögu, skv. 1. mgr. 41. gr. sbr. 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.
Vísað til borgarráðs.

Áheyrnarfulltrúi Flokks fólksins leggur fram svohljóðandi bókun:

Um er að ræða lóðina Borgartún 34-36. Fækka á íbúðum um tvær. Fulltrúi Flokks fólksins veltir fyrir sér hvort ráðlagt sé að setja svo margar íbúðir í eitt hús. Fordæmi er varla fyrir þessu í Reykjavík nema kannski má finna eitt dæmi. Fulltrúi Flokks fólksins finnst þéttingarstefna meirihlutans ganga ansi langt hér og óttast þrengsl og umferðarvandamál.

Lilja Grétarsdóttir verkefnastjóri tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

(B) Byggingarmál

5. Afgreiðslufundur byggingarfulltrúa, Mál nr. BN045423
fundargerð

Lagðar fram fundargerðir afgreiðslufundar byggingarfulltrúa nr. 1156 og 1157 frá 22. og 29. mars 2022.

(E) Samgöngumál

6. Héðinsreitur, sérákvæði fyrir umferð, Mál nr. US220084
tillaga - USK22010020

Lögð fram svohljóðandi tillaga skrifstofu samgöngustjóra og borgarhönnunar, dags. 16. mars 2022:

Skrifstofa samgöngustjóra og borgarhönnunar leggur til að skipulags- og samgönguráð samþykki eftirfarandi sérákvæði fyrir umferð: 1. Að óheimilt verði að leggja ökutækjum við norðurkant Seljavegar milli Nýlendugötu og Vesturgötu. 2. Að á Vesturgötu verði tvístefna milli Ánanausta og innkeyrslna við Vesturgötu 64 og 69. Framangreint verði merkt með viðeigandi umferðarmerkjum í samræmi við reglugerð nr. 289/1995, um umferðarmerki og notkun þeirra, með áorðnum breytingum. Í samræmi við 1. mgr. 84. gr. umferðarlaga nr. 77/2019, hefur tillagan verið borin undir og hlotið samþykki lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu.

Samþykkt með vísan til c liðar 1. gr. í viðauka 1.1 við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarskóp borgarstjórnar, um fullnaðarafgreiðslur

skipulags- og samgönguráðs án staðfestingar borgarráðs í samræmi við 1. mgr. 84. gr. umferðarlaga nr. 77/2019. Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins sitja hjá.

7. Sólvallagata, tvö stæði fyrir hreyfihamlaða Mál nr. US220085
við Vesturbæjarskóla, tillaga -
USK22010020

Lögð fram svohljóðandi tillaga skrifstofu samgöngustjóra og borgarhönnunar, dags. 28. mars 2022:

Skrifstofa samgöngustjóra og borgarhönnunar leggur til að skipulags- og samgönguráð samþykki að tvö bílastæði á Sólvallagötu við Vesturbæjarskóla verði merkt sem stæði fyrir hreyfihamlaða.

Bifreiðastæðin verði merkt með viðeigandi umferðarmerkjum og yfirborðsmerkingum í samræmi við reglugerð nr. 289/1995, um umferðarmerki og notkun þeirra, með áorðnum breytingum. Í samræmi við ákvæði 1. mgr. 84. gr. umferðarlaga nr. 77/2019, hefur tillagan verið borin undir og hlotið samþykki lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu.

Samþykkt með vísan til c liðar 1. gr. í viðauka 1.1 um fullnaðarafgreiðslur skipulags- og samgönguráðs án staðfestingar borgarráðs í samræmi við 1. mgr. 84. gr. umferðarlaga nr. 77/2019.

(C) Ýmis mál

8. Bókun íbúaráðs Grafarholts og Mál nr. US220079
Úlfarsárdals, um staðsetningu
bensíndælna í
Grafarholti og Úlfarsárdals -
MMS22030195

Lagt fram bréf íbúaráðs Grafarholts og Úlfarsárdals, dags. 22. mars 2022, um staðsetningu bensíndælna í Grafarholti og Úlfarsárdals.

9. Bókun fulltrúa í íbúaráði Miðborgar og Mál nr. US220081
Hlíða, um umferð stærri ökutækja í
miðborginni - MSS22030200

Lagt fram bréf íbúaráðs Miðborgar og Hlíða, dags. 23. mars 2022, um umferð stærri ökutækja í miðborginni.

Skipulags- og samgönguráð leggur fram svohljóðandi bókun:

Tillagan er tímabær. Skipulags- og samgönguráð telur rétt að skrifstofa samgöngustjóra hefji undirbúning að áframhaldandi vinnu og samráði vegna breytinga á akstursfyrirkomulagi stærri ökutækja í miðborg Reykjavíkur.

Áheyrnarfulltrúi Flokks fólksins leggur fram svohljóðandi bókun:

Fulltrúi Flokks fólksins tekur undir þessa bókun íbúaráðs Miðborgar og Hlíða að samráð vegna endurskoðunar á akstursfyrirkomulagi stærri ökutækja verði hafið aftur núna strax í vor. Einnig að tillögur liggja fyrir áður en meginþungi sumarumferðar ferðamanna hefst og að íbúaráð og íbúasamtök hafi aðkomu að samráðinu. Umferð stórra bíla í miðborginni þarf að vera í lágmarki að mati fulltrúa Flokks fólksins.

10. Bókun íbúaráðs Háaleitis- og Mál nr. US220080
Bústaðahverfis, um erindi Foreldrafélags
Breiðagerðisskóla - MSS22030167

Lagt fram bréf íbúaráðs Háaleitis- og Bústaðahverfis, dags. 25. mars 2022, um erindi Foreldrafélags Breiðagerðisskóla um kröfu um aukið umferðaröryggi við Breiðagerðisskóla.

Áheyrnarfulltrúi Flokks fólksins leggur fram svohljóðandi bókun:

Fulltrúi Flokks fólksins tekur undir erindi Foreldrafélags Breiðagerðisskóla og bréf Íbúaráðs Háaleitis- og Bústaðahverfis um að auka umferðaröryggi við Breiðagerðisskóla. Hraðahindranir eru oftast besta leiðin til að draga úr umferðarhraða. Alls staðar þar sem börn eru þarf að tryggja umferðaröryggi með öllum ráðum.

11. Túngata 36A, kæra 22/2022 Mál nr. SN220172

Lagt fram erindi úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála dags. 15. mars 2022 ásamt kæru dags. 11. mars 2022 þar sem kærð er ákvörðun byggingarfulltrúa í Reykjavík frá 8. mars 2022 og athafnaleysi byggingarfulltrúa sem felst í sömu ákvörðun varðandi umsókn eiganda íbúðar í húsinu Túngötu 36A.

12. Elliðaárdalur - Árbæjarstífla, kæra 24/2022 Mál nr. SN220173

Lagt fram erindi úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála dags. 15. mars 2022 ásamt kæru dags. 14. mars 2022 þar sem kærð er ákvörðun skipulagsfulltrúa og umhverfis- og skipulagssviðs Reykjavíkurborgar að hafna kröfu kæranda um að stöðva tafarlaust ólögmdæta háttsemi Orkuveitu Reykjavíkur sem fólst í því að fjarlægja lón við Árbæjarstíflu sem gert er ráð fyrir samkvæmt gildandi deiliskipulagi að standi fyrir ofan Árbæjarstíflu.

13. Tillaga fulltrúa Sjálfstæðisflokksins, varðandi gönguleið við Hallgerðargötu, umsögn - USK21120131 Mál nr. US210364

Lögð fram að nýju tillaga fulltrúa Sjálfstæðisflokksins varðandi gönguleið við Hallgerðargötu, sbr. 19. liður fundargerðar skipulags- og samgönguráðs frá 15. desember 2021, ásamt umsögn umhverfis- og skipulagssviðs, skrifstofu samgöngustjóra og borgarhönnunar, dags. 25. mars 2022.

Samþykkt.

(D) Samgöngumál

14. Leiðarkerfisbreytingar strætó, kynning Mál nr. US220082

Kynning fulltrúa Strætó bs. á leiðarkerfisbreytingum og breytingum vegna framkvæmda við Hlemm.

Fulltrúar Viðreisnar, Samfylkingarinnar og Pírata leggja fram svohljóðandi bókun:

Það er miður að sjá tímabundna niðurfellingu á síðustu feðrum Strætó en ljóst er að vegna heimsfaraldurs hefur rekstur Strætó beðið mikið tekjufall sem ekki hefur verið bætt af ríkinu og ekki er mögulegt að brúa það bil öðruvísi en með því að draga saman þjónustu eða eigendur leggi inn aukið fjármagn, en ekki hefur náðst samstaða um það á eigendavettvangi. Við fögnum því hins vegar að framkvæmdir við Borgarlínu eru að hefjast og þökkum Strætó fyrir góðan undirbúning fyrir þær framkvæmdir. Mikilvægt er að tímabundnar endastöðvar þjóni Hlemmi, Lækjargötu og háskólasvæðinu vel og séu staðsettar í borgarumhverfi en ekki á auðum bílplönnum.

Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins leggja fram svohljóðandi bókun:

Það lýsir ákveðinni uppgjöf að lagðar séu til svo miklar skerðingar á leiðakerfi Strætó. Nú þegar hefur stoppistöðvum verið fækkað, tíðni minnkuð og síðustu ferðir felldar niður. Hér blasa við frekar þjónustuskerðingar sem farið er í vegna kostnaðar við borgarlínu. Verri þjónusta mun leiða til þess að færri taki Strætó en sumar breytinganna sem lagðar eru til fela í sér talsverðar þjónustuskerðingar við farþega. Meðal annars er lagt til að færa stoppistöðvar fjær atvinnu- og íbúðasvæðum í miðborginni. Breytingarnar koma sér til að mynda illa fyrir íbúa í austurborginni sem taka almenningssamgöngur í miðbæinn. Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins gera kröfu um áreiðanleika í leiðakerfi telja að á eigendavettvangi Strætó þurfi að fara fram umræða um fjárþörf Strætó. Það er pólitísk ákvörðun að skerða þjónustu Strætó og að setja framkvæmdir við borgarlínu framur þörfum farþega Strætó.

Áheyrnarfulltrúi Miðflokksins leggur fram svohljóðandi bókun:

Það er forkastanlegt að skerða þjónustu Strætó. Það bitnar á þjónustuþegum af fullum þunga. Þessar aðgerðir eru vegna skorts á farþegum. Enn einu sinni er verið að hræra upp í leiðakerfinu og loka á endastöðinni á Hlemmi og henda á farþegum út á vergangi á Skúlagötu. Þetta þýðir aðeins eitt: Farþegum á eftir að fækka enn frekar – nógu slæmt er nú ástandið samt. Stjórn strætó ræður ekki við þetta verkefni og hugsu þarf rekstur Strætó alveg upp á nýtt. Reksturinn er í mikilli óreiðu – bæði fjárhagslega og skipulagslega. Verið er að leysa málin frá degi til dags og engin framtíðar – eða lokasýn. Það er stjarnfræðilega ruglað að vera að tala um og skipuleggja hina svokölluðu borgarlínu við þessar aðstæður í almenningssamgöngum. Það er ekkert hægt að tala um „tímabundið millibilsástand“ þar til borgarlína kemur – hún kemur ekki fyrr en eftir áratugi og leysir ekki almenningssamgöngur í nútíðinni og langri næstu framtíð.

Áheyrnarfulltrúi Flokks fólksins leggur fram svohljóðandi bókun:

Nú er svo komið að Strætó bs. þarf að minnka þjónustutíma og þjónustustig Strætó vegna aðhaldsaðgerða í rekstri félagsins. Meðal annars þarf að draga úr tíðni dagferða á einhverjum leiðum og gera breytingar á kvöldferðum á fjölda leiða. Gert er ráð fyrir að með breytingunum sparist rúmlega 200 milljónir króna í rekstri en Strætó situr uppi með 454 milljóna króna halla. Tap síðustu tveggja ára nálgast milljarð. Í tilkynningu frá Strætó bs. segir að Covid-faraldurinn hafi leikið rekstur Strætó grátt og tekjur hafi minnkað um allt að 1,5 milljarða króna á síðustu tveimur árum. Ekki er ein báran stök. Í miðju Covid eru teknar fjárfrekar ákvarðanir, fjárfest í nýju greiðslukerfi og fjölgað í flotanum með þeim afleiðingum að draga þarf úr þjónustunni. Það er margt skrytið í rekstri Strætó bs. sem er byggðasamlag nokkurra sveitarfélaga og á Reykjavík stærsta hluta þess. Reksturinn er óvenjulegur því fátítt er að bæði stjórn og skipulagning þjónustunnar ásamt akstri vagna sé á sömu opinberu hendinni. Þetta kemur m.a. fram í nýlegri skýrslu sem VSB verkfræðistofa vann fyrir Strætó. Strætó sinnir báðum þessum hlutverkum í dag án nokkurra skila á milli mismunandi þátta rekstrarins, en fyrirtækið útvistar þó um helmingi af öllum akstri sínum til annarra.

Sólrún Svava Skúladóttir og Valgerður Gréta Benediktsdóttir frá Strætó bs. og Bjarni Rúnar Ingvarsson ráðgjafaverkfræðingur taka sæti á fundinum undir þessum lið með rafrænum hætti.

- Kl. 10:18 vikur Örn Þórðarson af fundi.
- Kl. 10:18 tekur Eyþór Laxdal Arnalds sæti á fundinum.

15. Framkvæmdir við strætóstöðvar 2022, nýjar stöðvar, færsla stöðva og

Mál nr. US220083

áframhaldandi undirbúningur og
verkhönnun, tillaga - USK22030196

Lögð fram svohljóðandi tillaga skrifstofu samgöngustjóra og borgarhönnunar,
dags. 4. apríl 2022:

Skrifstofa samgöngustjóra og borgarhönnunar leggur til að skipulags- og samgönguráð samþykki nýja staðsetningu strætóstöðva á Kringlumýrarbraut í Fossvogi, færslu stöðva á Snorrabraut norður fyrir Flókagötu ásamt því að veita heimild fyrir áframhaldandi undirbúningi, verkhönnun og gerð útboðsgagna vegna framkvæmda við strætóstöðvar 2022.

Samþykkt. Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins sitja hjá.

Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins leggja fram svohljóðandi bókun:

Hér er verið að breyta leiðakerfi og færa stoppstöðvar án þess að þjónusta sé bætt. Á sama tíma er verið að minnka tíðni einhverra leiða og síðustu ferðir ferðir felldar niður. Það er þekkt að hringl með leiðakerfi leiða til þess að farþegar vilja síður nota þjónustuna, hvort sem það eru börn, unglingar eða fullorðnir.

Áheyrnarfulltrúi Miðflokksins leggur fram svohljóðandi bókun:

Það er forkastanlegt að skerða þjónustu Strætó. Það bitnar á þjónustuþegum af fullum þunga. Þessar aðgerðir eru vegna skorts á farþegum. Enn einu sinni er verið að hræra upp í leiðakerfinu og loka á endastöðinni á Hlemmi og henda á farþegum út á vergangi á Skúlagötu. Þetta þýðir aðeins eitt: Farþegum á eftir að fækka enn frekar – nógu slæmt er nú ástandið samt. Stjórn strætó ræður ekki við þetta verkefni og hugsa þarf rekstur Strætó alveg upp á nýtt. Reksturinn er í mikilli óreiðu – bæði fjárhagslega og skipulagslega. Verið er að leysa málin frá degi til dags og engin framtíðar – eða lokasýn. Það er stjarnfræðilega ruglað að vera að tala um og skipuleggja hina svokölluðu borgarlínu við þessar aðstæður í almenningssamgöngum. Það er ekkert hægt að tala um „tímabundið millibilsástand“ þar til borgarlína kemur – hún kemur ekki fyrr en eftir áratugi og leysir ekki almenningssamgöngur í nútíðinni og langri næstu framtíð.

Bjarni Rúnar Ingvarsson ráðgjafaverkfræðingur tekur sæti á fundinum undir þessum lið með rafrænum hætti.

(E) Ýmis mál

16. Tillaga áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins, Mál nr. US220042
um bættu þverun yfir Geirsgötu, umsögn -
USK22030081

Lögð fram að nýju tillaga áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um bættu þverun yfir Geirsgötu, sbr. 12. liður fundargerðar skipulags- og samgönguráðs frá 2. mars 2022, ásamt umsögn umhverfis- og skipulagssviðs, skrifstofu samgöngustjóra og borgarhönnunar, dags. 25. mars 2022.

Tillöggunni er vísað frá. Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins sitja hjá.

Fulltrúar Viðreisnar, Samfylkingarinnar og Pírata leggja fram svohljóðandi bókun:

Framkvæmdir á svæðinu eru þegar hafnar og gert ráð fyrir þremur þverunum yfir Geirsgötun á stuttum kafla.

Áheyrnarfulltrúi Flokks fólksins leggur fram svohljóðandi bókun:

Tillaga Flokks fólksins að þverun verði bætt frá Edition hótél og yfir Geirsgötuna vegna mikillar umferðar hefur verið vísað frá. Rökin eru þau að yfir Geirsgötu eru nú þrjár ljósastýrðar gönguþveranir í nágrenni Kolaportsins. Ein gönguþverun er við gatnamót Geirsgötu og Kalkofnsveggar, önnur gönguþverun er við gatnamót Geirsgötu og Reykjastrætis og þriðja gönguþverunin er til móts við Hafnarhúsið /Naustin. Segir í svari að á næstu vikum er gert ráð fyrir að ein ljósastýrð gönguþverun bætist jafnframt við á gatnamótum Steinbryggju, Bryggjugötu og Geirsgötu. Fulltrúi Flokks fólksins vonar að þetta dugi til að tryggja öryggi vegfarenda.

17. Fyrirspurnir áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins, um hraðahindranir, umsögn - USK22010151 Mál nr. US210365

Lögð fram umsögn umhverfis- og skipulagssviðs, skrifstofu samgöngustjóra og borgarhönnunar, dags. 25. mars 2022.

Áheyrnarfulltrúi Flokks fólksins leggur fram svohljóðandi bókun:

Hér er verið að svara meira en árgamalli fyrirspurn. Ef horft er á hraðahindranir í Reykjavík þá eru þær alls konar, en samt er farið eftir norskum leiðbeiningum. Í íbúðagötum og nálægt skólum þarf að gæta alls umferðaröryggis. Þar eiga tafir rétt á sér enda öryggi barna númer eitt. Á stofnbrautum ætti að gera allt til að valda ekki óþarfa töfum. Ljósastýringar sem virka vel vantar víða. Óþarfa þrengingar mætti sleppa eins og á Grensásvegi og Háaleitisbraut. Af svari að dæma má sjá vandræðagang og er margt óljóst og loðið. Það er eins og borgin hafi engan heildstæða stefnu í hraðahindrunum. Það eru koddar, þrengingar, miðeyja, bungur, upphækkningar. Í svari má víða sjá að hitt og þetta liggur ekki fyrir eða er óákveðið: „Skrifstofan vinnur nú að tillögu að umferðaröryggis aðgerðum ársins en fjöldi og staðsetning þeirra aðgerða liggur ekki fyrir að svo stöddu“. „Tillögur að umferðaröryggis aðgerðum ársins 2022 liggja ekki fyrir og ekki er búið að ákveða endanlega hvaða lausnir eða gerð hraðahindrana verður notast við“ og „Ekki liggur fyrir hversu stór hluti fyrirhugaðra umferðaröryggis aðgerða mun snúa að hraðahindrunum“. Sem sagt margt sem ekki liggur fyrir. Hvað með hraðamyndavélar sem valkost?

18. Fyrirspurn fulltrúa Sjálfstæðisflokksins, um umferð um Ártúnshöfn, umsögn - USK21120068 Mál nr. US210118

Lögð fram umsögn umhverfis- og skipulagssviðs, skrifstofu samgöngustjóra og borgarhönnunar, dags. 25. mars 2022.

19. Fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins, um álit umboðsmanns Alþingis um að hreyfihamlaðir megi leggja í almenn stæði á göngugötum, umsögn - USK21120055 Mál nr. US210310

Lögð fram umsögn umhverfis- og skipulagssviðs, skrifstofu samgöngustjóra og borgarhönnunar, dags. 25. mars 2022.

Áheyrnarfulltrúi Flokks fólksins leggur fram svohljóðandi bókun:

Fulltrúi Flokks fólksins spurði um viðbrögð skipulags- og samgönguráðs við álit umboðsmanns Alþingis um að hreyfihamlaðir megi leggja í almenn stæði á göngugötum? Svar/umsögn hefur borist og er lögð fram á fundi ráðsins 6.4. Það er ánægjulegt að verklag sé nú í samræmi við lög en eftir sem áður er það miður að borgin hafi ekki verið með framkvæmdina á

hreinu og að það hafi þurft aðkomu Umboðsmanns Alþingis til að leiðrétta augljóst óréttlæti.

20. Fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins, um bílastæði við Brávallagötu, umsögn - USK21120071 Mál nr. US210318

Lögð fram umsögn umhverfis- og skipulagssviðs, skrifstofu samgöngustjóra og borgarhönnunar, dags. 25. mars 2022.

Áheyrnarfulltrúi Flokks fólksins leggur fram svohljóðandi bókun:

Fulltrúi Flokks fólksins óskaði eftir rökum skipulagsyfirvalda um að taka 12 bílastæði við Brávallagötu undir rafbílastæði án samráðs við íbúa. Framkvæmdir hófust án nokkurs samráðs eða samtals við íbúa. Rök eru fyrir þessum framkvæmdum en þau koma sumum illa svo sem eins og gengur. Í þessu tilfalli hefði átt að ræða við íbúa götunnar í stað þess að hefja verk án nokkurs samráðs. Fólk sem þarna býr þarf að leggja bílum sínum einhvers staðar og þarna eru mikil þrengsli. Þessi aðgerð sýnir alls enga lipurð. Þarna býr fólk með mismunandi efnahag og það er vitað að rafbílur eru enn í dýrari kantinum og ekki á færi allra að eignast. Í framtíðinni verða rafmagnsbílar eflaust algengir og kostur fyrir efnalítið fólk og þá má að aðlaga bílastæði að þeim veruleika að fullum krafti. Engu að síður er það kurteisi að tala við íbúa um mál af þessu tagi áður en ráðist er í framkvæmdir.

21. Fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins, um yfirlit fyrirspurna og tillaga á kjörtímabilinu Mál nr. US220075

Lögð fram að nýju svohljóðandi fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins sem lögð var fram á fundi skipulags- og samgönguráðs 23. mars sl.: Fulltrúi Flokks fólksins óskar eftir yfirlit yfir öll mál, tillögur og fyrirspurnir sem Flokkur fólksins hefur lagt fram í skipulags- og samgönguráði á kjörtímabilinu. Gott er að fá upplýsingar um hvað ef þessum málum eru afgreidd og þá hvenær og hvað mörg mála eru enn í ferli eða frestun.

Vísað til umsagnar umhverfis- og skipulagssviðs.

22. Áheyrnarfulltrúi Flokks fólksins leggur fram svohljóðandi tillögu, um viðgerð á göngustíg Mál nr. US220088

Fulltrúi Flokks fólksins leggur til að farið verði í viðgerð á göngustíg sem liggur í gegnum Fellin frá Rjúpufelli að Yrsufelli. Fulltrúi Flokks fólksins hefur fengið ábendingar um að þarna þarf viðhald og almenna hreinsun. Reynt hefur verið að vekja athygli borgarinnar á þessu en ekki tekist. Um er að ræða stíg sem liggur í gegnum eitt þéttbyggðasta svæði í Reykjavík. Það nota mjög margir þennan göngustíg og þarfnast hann viðgerðar og hreinsunar þegar sú tíðin er. Oft hefur verið glerbrot á stígnum, rusl og lauf á haustin. Líklegt þykir að þessi stígur hafi hreinlega gleymst hjá borginni því enginn kemur og sópar hann hvað þá lagfærir hann.

Frestað.

23. Áheyrnarfulltrúi Sósíalístaflokks Íslands leggur fram svohljóðandi fyrirspurn, um Klappkort Mál nr. US220089

Hvernig geta einstaklingar sem eiga ekki snjallsíma eða nettengda tölvu nálgast upplýsingar um stöðu á Klappkorti sínu sem notað er í strætó? Hér er t.d. átt við 10 miða spjald. Strætófarþegar með slíkt þurfa að reiða sig á

minnið til að muna hversu mörg skipti eru eftir á kortinu þar sem það er einungis sýnilegt á skjá sem er aðgengilegur þeim í strætó.

Frestað

24. Áheyrnarfulltrúi Sósíalístaflokks Íslands leggur fram svohljóðandi fyrirspurn, um leiðarkerfisbreytingu strætó Mál nr. US220090

Það vantar strætó sem fer í gegnum Hringbraut alla leið að Granda. Væri mögulegt að láta leið 3 fara frá Háskóla Íslands til Granda, í gegnum Hringbraut en ekki gegnum Lækjartorg eins og er núna í tillögu?

Frestað

**Fleira gerðist ekki.
Fundi slitið kl. 10:55**

Fundargerðin lesin yfir og undirrituð

Pawel Bartoszek

Alexandra Briem
Hjálmar Sveinsson
Ólafur Kr. Guðmundsson

Ragna Sigurðardóttir
Eyþór Laxdal Arnalds
Jórunn Pála Jónasdóttir

Afgreiðsla byggingarfulltrúa samkv. samþykkt nr. 161/2005

Árið 2022, þriðjudaginn 22. mars kl. 10:10 fyrir hádegi hélt byggingarfulltrúinn í Reykjavík 1156. fund sinn til afgreiðslu mála án staðfestingar umhverfis- og skipulagsráðs. Fundurinn var haldinn í fundarherberginu 2. hæð Borgartúni 12-14. Þessi sátu fundinn: Sigrún Reynisdóttir, Vífill Björnsson, Nikulás Úlfar Másson, Jón Hafberg Björnsson, Guðrún Ósk Hrólfsdóttir, Edda Þórsdóttir og Erna Hrönn Geirsdóttir.

Fundarritari var Erna Hrönn Geirsdóttir.

Þetta gerðist:

Nýjar/br. fasteignir

1. Austurstræti 20 (11.405.03) 100863 Mál nr. BN060689

640413-1150 Vivaldi Ísland ehf., Borgartúni 25, 105 Reykjavík
Sótt er um stöðuleyfi fyrir stöðuleyfi fyrir 117 fermetra tjaldi í inngarði veitngahúss á lóð nr. 20 við Austurstræti.
Útskrift úr gerðabók embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 18. mars 2022 fylgir erindi. Einnig fylgir bréf skipulagsfulltrúa dags. 21. mars 2022.
Gjald kr.12.600
Frestað.
Vísað til athugasemda.
2. Austurstræti 7 (11.402.06) 100830 Mál nr. BN059805

580321-1270 KBV ehf., Skeifunni 4, 108 Reykjavík
Sótt er um leyfi fyrir innri breytingum á 1., 2. og 3. hæð í veitingastað í fl. III tegund B sem eru þær að fundarherbergi á 2. hæð er breytt í fatahengi, setustofa stækkuð á kostnað skrifstofurýmis og á 3. hæð er komið fyrir kælum, í húsi á lóð nr. 7 við Austurstræti.
Erindi fylgir samþykki eiganda dags. 18. ágúst 2021.
Gjald kr. 12.100
Frestað.
Vísað til athugasemda.
3. Bíldshöfði 18 (40.650.02) 110672 Mál nr. BN060693

500709-0140 Kjötkompaní ehf., Dalshrauni 13, 220 Hafnarfjörður
Sótt er um leyfi til að breyta starfsemi rýmis mhl. 03 og innréttu kjötverslun og bakarí auk þess að gera flóttaleið á suðurhlíð húss á lóð nr. 18 við Bílshöfða.
Greinagerða brunahönnuðar dags. 7. mars. 2022 fylgir.
Gjald kr. 12.600
Frestað.
Vísað til athugasemda.
4. Borgartún 8-16A (12.201.07) 199350 Mál nr. BN060679

Sigurður Einarsson, Sólberg 2, 221 Hafnarfjörður
Sótt er um leyfi til að breyta innra skipulagi og innréttu móttöku á 1. hæð, framleiðslueldhús, mötuneyti og móttöku á 2. hæð og til að breyta innra skipulagi skrifstofa á 3. hæð í Katrínartúni 2 sem er mhl. 03 á lóð nr. 8-16A við Borgartún.
Gjald kr. 12.600
Frestað.
Vísað til athugasemda.
5. Bólstaðarhlíð 30 (12.740.05) 103632 Mál nr. BN060714

Embla Hallfríðardóttir, Bólstaðarhlíð 30, 105 Reykjavík
Sótt er um leyfi til að breyta notkun bílskúrs, 0102, í vinnustofu, á lóð nr. 30 við Bólstaðahlíð

Gjald kr. 12.600
Frestað.
Málinu vísað til umsagnar skipulagsfulltrúa.

6. Brautarholt 2 (12.412.01) 103019 Mál nr. BN060340
- 500604-2120 Alma BK ehf., Sundagörðum 8, 104 Reykjavík
Sótt er um leyfi til að breyta innra skipulagi þannig að í rými 0102 verður gerð kaffibrennsla og í rými 0101 kaffihús í fl. II, tegund e, fyrir 64 gesti, á fyrstu hæð verður gert framleiðslueldhús, gestamóttöku breytt í fundarrými og komið fyrir útloftun frá kaffibrennslu og framleiðslueldhúsi í húsi á lóð nr. 2 við Brautarholt.
Gjald kr. 12.100
Samþykkt.
Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.
Með vísan til samþykktar borgarráðs frá 1. september 1998 skal utanhúss- og lóðarfrágangi vera lokið eigi síðar en innan tveggja ára frá útgáfu byggingarleyfis að viðlögðum dagsektum sbr. greinar nr. 2.4.5 og 2.9.2 í byggingarreglugerð nr. 112/2012.
Skilyrt er að ný eignaskiptayfirlýsing sé samþykkt fyrir útgáfu byggingarleyfis, henniverði þinglýst eigi síðar en við lokaúttekt. Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa. Áskilið samþykki heilbrigðiseftirlits.
7. Bræðraborgarstígur 2/Mýrargata (11.310.19) 217347 Mál nr. BN060119
- 670901-2110 Söfnuður Moskvu-Patríarkatsins, Öldugötu 44, 101 Reykjavík
Sótt er um leyfi til að byggja kirkju og safnaðarheimili úr járnbentri steinsteypu, safnaðarheimilið á þremur hæðum, í kjallara m.a. helst stoðrymi og tengigangur, á fyrstu hæð eru m.a. eldhús, skrifstofa, salur og stoðrymi, á annarri hæð er salur og stoðrymi, fyrir 2 starfsmenn, 28 gesti á fyrstu hæð og 70 gesti á annarri hæð, kirkjan er á tveimur hæðum, í kjallara og aðkomuhæð eru salir og stoðrymi fyrir að hámarki 250 manns í húsi á lóð nr. 21-23 við Mýrargötu.
Stærð: 1.029,8 ferm., 6.915,5 rúmm.
Erindi fylgir greinargerð hljóðvistar kirkju dags. 14. október 2021 og safnaðarheimilis dags. 2. desember 2021, greinargerð brunahönnuðar dags. 22. október 2021.
Erindi fylgir breyttur lóðaruppráttur dags. 28. febrúar 2022 og afrit uppráttar af breyttu deiliskipulagi auglýst í B-deild stjórnartíðindum þann 25. febrúar 2022.
Erindi fylgir greinargerð hönnuðar vegna snyrtinga dags. 17. mars 2022.
Gjald kr. 12.100
Frestað.
Vísað til athugasemda.
8. Engjavegur 13 (13.920.01) 172992 Mál nr. BN060721
- 530269-7609 Reykjavíkurborg, Ráðhúsinu, 101 Reykjavík
Sótt er um leyfi til þess að byggja nýtt þjónustuhús til aðhlyningar og fódurblöndunar, með lítilli innilaug og skyggni við annan endan og stækka núverandi útilaug fyrir seli húsdýra- og fjölskyldugarðsins á, á lóð nr. 13 við Engjaveg.
Stærð: 57,8 ferm., 183,8 rúmm.
Gjald kr. 12.600
Frestað.
Lagfæra skráningu.
9. Eyjarlóð 5 (11.114.03) 100025 Mál nr. BN058573
- 700410-1450 Reykjavík Rent ehf, Hverfisgötu 105, 105 Reykjavík
Sótt er um leyfi til að rífa hluta bakhúss og hálfkarað stigahús á framhlið, til að byggja inndregna hæð ofan á og aftan við og til að byggja þriggja hæða viðbyggingu, einangraða og klædda að utan við austurenda húss sem fyrir er á lóð, til að breyta innra skipulagi og fjölga gestum í rými 0104, innréttu veitingastað

í flokki ?, teg. ? fyrir 270 gesti í rými 0101, veitingastað í flokki II, teg. f fyrir 220 gesti í rými 0201 og skrifstofur á 3. hæð í húsi á lóð nr. 5 við Eyjarslóð.

Erindi fylgir yfirlit yfir eldri samþykktir.

Rif: xx ferm., xx rúmm.

Stækkun: 1.592,1 ferm., 5.839,4 rúmm.

Eftir stækkun: 3.289,3 ferm., 15.539,5 rúmm.

Gjald kr. 11.200

Frestað.

Vísað til umsagnar Faxaflóahafnar. Málinu vísað til umsagnar skipulagsfulltrúa.

10. Fiskislóð 24-26 (10.877.02) 100014 Mál nr. BN060309
- 430715-0970 Línberg ehf., Tjarnargötu 28, 101 Reykjavík
Sótt er um leyfi fyrir áður gerðum breytingum sem felast í breytingum á gluggum, hækkun einnar innkeyrsluhurðar, fjölgun inngangshurða, fjölgun glugga, færsla og breyting á stiga innanhúss upp á millipall, breyting á innra skipulagi millipalls og 1. hæðar, jafnframt er sótt um leyfi til breytinga á innra skipulagi og framleiðslu áfengis, þ.e. smábrugghús með fjórum starfsmönnum í rými 0101 og 0102, matshluta 01 í húsi nr. 24 á lóð nr. 24-26 við Fiskislóð.
Stækkun: xx,x ferm., xx,x rúmm.
Gjald kr.12.100
Frestað.
Vísað til athugasemda.
11. Grandagarður 18 (11.142.02) 100034 Mál nr. BN060635
- 530269-7529 Faxaflóahafnir sf., Tryggvagötu 17, 101 Reykjavík
Sótt er um leyfi til að breyta notkun hluta húss, úr vörugeymslu í skrifstofur fyrir 15 manns á 2.hæð, steypa þvottaplan og koma fyrir olíuskilju norðaustan við hús á lóð nr. 18 við Grandagarð.
Stærð: xx,x ferm., xx,x rúmm.
Gjald kr.12.600
Frestað.
Vísað til athugasemda.
12. Grandagarður 2 (11.153.01) 100058 Mál nr. BN060662
- 410202-2630 Sögusafnið ehf., Lindarflöt 36, 210 Garðabær
Sótt er um leyfi til að uppfæra brunavarnir í húsi á lóð nr. 2 við Grandagarð
Gjald kr. 12.600
Samþykkt.
Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.
Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.
13. Grettisgata 53B (11.742.27) 101630 Mál nr. BN060712
- 700609-0650 Aurora ehf, Langholtsvegi 88, 104 Reykjavík
Sótt er um leyfi til að breyta skráningu í gististað í flokki ?með fimm íbúðum fyrir x gesti í fjölbýlishúsi á lóð nr. 53B við Grettisgötu.
Gjald kr. 12.600
Frestað.
Vísað til athugasemda.
14. Hagamelur 34 (15.403.17) 106310 Mál nr. BN060074
- Ólöf Kristjánsdóttir, Hagamelur 34, 107 Reykjavík
Sótt er um leyfi fyrir að breyta erindi BN058068, þannig að málsetningar eru uppfærðar og skráning og skráningartafla leiðrétt , vegna eignaskiptayfirlýsingar húss á lóð nr. 34 við Hagamel.
Stærð er: Kanna þegar yfirlit breytinga berst vegna milligólfs.
Gjald kr.12.100
Frestað.

Vísað til athugasemda.

15. Hagamelur 36 (15.403.16) 106309 Mál nr. BN060075
- Aðalheiður Jónsdóttir, Hagamelur 36, 107 Reykjavík
Sótt er um leyfi fyrir að breyta erindi BN058075, þannig að málsetningar eru uppfærðar og skráning og skráningartafla leiðrétt, vegna eignaskiptayfirlýsingarhúss á lóð nr. 36 við Hagamel.
Stærð er: Kanna þegar yfirlit breytinga berst vegna milligólfs.
Gjald kr.12.100
Frestað.
Vísað til athugasemda.
16. Hallgerðargata 10 (13.496.01) 225436 Mál nr. BN060732
- 671106-0750 Þingvangur ehf., Smiðsbúð 7, 210 Garðabær
Sótt er um leyfi til að byggja þriggja hæða, þriggja íbúða raðhús úr timbri sem verður mhl. 04, hús nr. 18 á lóð nr. 10 við Hallgerðargötu.
Stærð, A-rými: 435,1 ferm., 1.420,3 rúmm.
B-rými: 16,2 ferm.
Samtals: 451,3 ferm.
Gjald kr. 12.600
Frestað.
Vísað til athugasemda.
17. Hallgerðargata 13 (13.495.01) 225433 Mál nr. BN060724
- 551214-0600 105 Miðborg slhf., Hagasmára 3, 201 Kópavogur
Sótt er um leyfi til að breyta erindi BN055918 þannig að geymslurými 0001 er skipt í 6 geymslur, tæknirými og ganga, geymslur 0003 og 0004 verða að einni geymslu, 0003, og gert tæknirými í rými 0020 auk annarra innri breytingar í kjallara húss á lóð nr. 13 við Hallgerðargötu.
Gjald kr. 12.600
Frestað.
Vísað til athugasemda.
18. Haukahlíð 5 (16.296.02) 221261 Mál nr. BN060439
- 551121-0700 Lucia ehf., Víðimel 68, 107 Reykjavík
Sótt er um leyfi til að opna tímabundið milli matshluta og innréttar fæðingarheimili í rýmum 04-0102 og 05-0101 í húsi á lóð nr. 5 við Haukahlíð.
Stærð : Óbreytt.
Gjald kr.12.600
Samþykkt.
Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.
Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa. Áskilið samþykki heilbrigðiseftirlits.
19. Holtsgata 13 (11.346.04) 100404 Mál nr. BN058721
- 600416-0490 Creative Artists Iceland ehf., Holtsgötu 13, 101 Reykjavík
Sótt er um leyfi fyrir áður gerðum breytingum sem felast í því að opnað er á milli rýma 0011 og 0012 sem tilheyra íbúð 0101 og komið fyrir salerni og kaffiástöðu í húsi á lóð nr. 13 við Holtsgötu.
Erindi fylgir skýrsla um húsaskoðun dags. 7. október 2021 og samþykki meðeigenda dags. 4. janúar 2021.
Gjald kr. 12.100
Samþykkt.
Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.
Það athugist að um er að ræða samþykkt á áður gerðri framkvæmd sem gerð var án byggingarleyfis. Óvissa kann því að vera um uppbyggingu og útfærslu framkvæmdar. Hvorki er skráð verktrygging á verkið né ábyrgðaraðilar.

20. Hólmgarður 24 (18.183.02) 108213 Mál nr. BN060718
470115-1140 Hækkun ehf., Klettási 19, 210 Garðabær
Sótt er um leyfi til þess að breyta erindi BN050902 þannig að fallið er frá viðbyggingu á 1. og 2. hæð til suðurs og þess í stað komið fyrir svölum framan við kvist rishæðar og að gera aukaíbúð í risi íbúðarhúss á lóð nr. 24 við Hólmgarð.
Stækkun: xx.x ferm., xx.x rúmm.
Erindi fylgir yfirlit breytinga á A3 afriti af teikningum samþykktum 26. júlí 2016.
Gjald kr. 12.600
Frestað.
Vísað til athugasemda.
21. Hverfisgata 100 (11.741.03) 101581 Mál nr. BN060440
520321-1360 Hverfisgata 100 ehf., Dugguvogi 42, 104 Reykjavík
Sótt er um leyfi til að byggja ofan á hús og innréttá 12 íbúðir á fjórum hæðum og geymslu á einni hæð með þaksvölum á baklóð við hús á lóð nr. 100 við Hverfisgötu.
Stækkun: xx,x ferm., xx,x rúmm.
Eftir stækkun, mhl. 01, A-rými: 779,6 ferm., 2.281,9 rúmm.
B-rými: 42,8 ferm.
Mhl. 02, A-rými: 58 ferm., 161,6 rúmm.
Erindi fylgir greinargerð brunahönnuðar dags. 11. janúar 2022 og greinargerð um hljóðvist dags. 10. febrúar 2022.
Útskrift úr gerðabók embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 18. mars 2022 fylgir erindi. Einnig fylgir bréf skipulagsfulltrúa dags. 21. mars 2022.
Gjald kr. 12.600
Frestað.
Vísað til athugasemda.
22. Hverfisgata 94 (11.740.11) 224105 Mál nr. BN060717
710316-1470 Hverfisstígur ehf., Katrínartúni 2, 105 Reykjavík
Sótt er um leyfi til að breyta erindi BN059394, þ.e. hurðir snyrtinga opnast nú út, fjarlæggt fatahengi, ræstirými stækkað, felld út geymsla inn af starfsmannasnyrtingu, léttur veggur felldur út í eldhúsi, háf komið fyrir í afgreiðslu, gasleiðsla lögð frá pizzaofni sem leidd er út í þar til gerðan gasskáp í húsi á lóð nr. 94 við Hverfisgötu.
Stærð: Óbreytt.
Gjald kr. 12.600
Frestað.
Vísað til athugasemda.
23. Kirkjustræti 2 (11.410.05) 100878 Mál nr. BN060686
601216-1320 KSH Fasteignir ehf., Suðurlandsbraut 6, 108 Reykjavík
Sótt er um leyfi til að innréttá kaffiaðstöðu fyrir starfsfólk í kjallara, auka gestafjölda í 133, auk annarra breytinga í gistiheimili í fl. III tegund B í húsi á lóð nr. 2 við Kirkjustræti.
Bréf frá hönnuði sem degur til baka erindið BN059487 dags. 17. mars. 2022
Gjald kr. 11.000
Samþykkt.
Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.
Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa. Áskilið samþykki heilbrigðiseftirlits.
24. Korngarðar 3 (13.232.01) 223775 Mál nr. BN060716
600794-2059 Dalsnes ehf., Korngörðum 3, 104 Reykjavík
Sótt er um leyfi til að breyta erindi BN053122, breytingar á innra skipulagi, þ.e. vinnslurými fært til innan millipalls á 3.hæð, komið fyrir forvinnslu til afþökkunar,

byggðir upp léttir veggir við forvinnslu og fallið frá flóttaleið á millipalli 2.hæðar í húsi á lóð nr. 3 við Kornagarða.

Stærð: Óbreytt.

Erindi fylgir yfirlit breytinga unnið á afriti aðaluppdráttu, útgefnir þann 7. desember 2021.

Gjald kr.12.600

Frestað.

Vísað til athugasemda.

25. Laufásvegur 11 (11.831.02) 101924 Mál nr. BN060699

Margrét Þórðardóttir, Suðurhlíð 38D, 105 Reykjavík

Halldóra Lydía Þórðardóttir, Hamravík 88, 112 Reykjavík

Sótt er um leyfi til að gera flóttaleið frá herbergi, fellistiga á austurhlíð og fjarlægja stiga á milli rýma 0001 og 0101 í húsi á lóð nr. 11 við Laufásveg.

Stækkun vegna lokun á stiga er : XX ferm

Gjald kr. 12.600

Frestað.

Vísað til athugasemda.

26. Laugavegur 105 (12.400.05) 102974 Mál nr. BN060167

540621-1870 Hlemmur ehf., Fjallalind 102, 105 Reykjavík

510497-2799 Félagsbústaðir hf., Þönglabakka 4, 109 Reykjavík

Sótt er um leyfi til breytinga á innra skipulagi 1.-5. hæða og kjallara. Í kjallara er komið fyrir geymslum fyrir allar íbúðir auk þvottahúss, á 1. hæð er komið fyrir hjólageymslu, sorpgeymslan er færð og gluggagat síkkað á suðausturhlíð til að koma fyrir hurð inn í nýja sorpgeymslu, á 2. hæð er íbúðum fækkað úr 11 í 8, á 3.-5. hæð er komið fyrir 35 íbúðum ætlaðar undir rekstur á gististað í flokki II tegund g í húsi á lóð nr. 105 við Laugaveg.

Stærð er: Óbreytt.

Erindi fylgir yfirlit breytinga unnið á afritum aðaluppdráttu samþykktir þann 7. október 2014.

Útskrift úr gerðabók embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 10. desember 2021 fylgir erindi, ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 10. nóvember 2021.

Einnig fylgir bréf skipulagsfulltrúa dags. 13. desember 2021.

Útskrift úr gerðabók embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 11. febrúar 2022 fylgir erindi, ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 11. febrúar 2022. Einnig fylgir bréf skipulagsfulltrúa dags. 15. febrúar 2022.

Gjald kr.12.100

Frestað.

Vísa uppfærðum uppdráttum til embættis skipulagsfulltrúa.

27. Laugavegur 28A (11.722.08) 101463 Mál nr. BN060713

700609-0650 Aurora ehf, Langholtsvegi 88, 104 Reykjavík

Sótt er um leyfi til að breyta einbýlishúsi í gististað í flokki ?, fimm herbergi fyrir ? gesti á lóð nr. 28A við Laugaveg.

Gjald kr. 12.600

Frestað.

Vísað til athugasemda.

28. Laugavegur 95-99 (11.741.30) 210318 Mál nr. BN060537

Björn Stefán Hallsson, Sléttuvegur 17, 103 Reykjavík

470105-2160 Plan 21 ehf, Grettisgötu 86, 101 Reykjavík

470691-1589 Rit og bækur ehf., Lynghálsi 4, 110 Reykjavík

Sótt er um leyfi fyrir fjölgun gesta í veitingarýmum og móttöku jarðhæðar úr 150 í 200 manns, gera þrjár almennar snyrtingar í kjallara, geymsla fyrir drykkjarvörur færð inn í rými 0006, fella út kröfu um eldvarnarveggi í geymslu og afnema flóttaleið á suðurhlíð verslunarrýmis 0102 á 1.hæð og komið fyrir reyklúgu og stökk frá eldhúsi 1. hæðar rýmis 0101 í húsi á lóð nr. 95-99 við Laugaveg.

Stærð: Óbreytt

Erindi fylgir yfirlit erinda, ódagsett og óundirritað, minnisblað brunahönnuðar dags. 1. febrúar 2022 og yfirlit breytinga hönnuðar.

Erindi fylgir bréf hönnuðar vegna fjölda snyrtinga, dags. 16. febrúar 2022

Gjald kr.12.600

Frestað.

Vísað til athugasemda.

29. Lautarvegur 8 (17.943.02) 213566 Mál nr. BN060540
- 640616-0240 Bstjóri ehf., Lautarvegi 8, 103 Reykjavík
Sótt er um leyfi fyrir áður gerðum breytingum, m.a. breytt, innra skipulagi á öllum hæðum, komið hefur verið fyrir setlaug vestan húss, möguleiki gerður fyrir svalalokanir á 1. og 2. hæð og lóðarmörkum á vesturhlið breytt til samræmis við breytt deiliskipulag dags. 23. desember 2021, á lóð nr. 8 við Lautarveg.
Erindi fylgir yfirlit breytinga
Stærð, A-rými: 580,3 ferm., 1.909 rúmm.
B-rými: 85,5 ferm.
Samtals: 665,8 ferm.
Útskrift úr gerðabók embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 25. febrúar 2022 fylgir erindi. Einnig fylgir bréf skipulagsfulltrúa dags. 28. febrúar 2022.
Gjald kr. 12.600
Samþykkt.
Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010. Skilyrt er að ný eignaskiptayfirlýsing sé samþykkt fyrir útgáfu byggingarleyfis, henni verði þinglýst eigi síðar en við lokaúttekt. Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.
30. Lindargata 44 (11.525.08) 101081 Mál nr. BN060729
- 540169-6249 Félagsstofnun stúdenta, Háskólatorgi Sæmundar, 101 Reykjavík
Sótt er um leyfi til að rífa fjölþýlishús á lóð nr. 44 við Lindargötu.
Niðurrif, fnr. 2003339, 2003340 og 2003341: 261 ferm., 744 rúmm.
Gjald kr. 12.600
Frestað.
Vísað til athugasemda.
31. Lindargata 44 (11.525.08) 101081 Mál nr. BN060731
- 540169-6249 Félagsstofnun stúdenta, Háskólatorgi Sæmundar, 101 Reykjavík
Sótt er um leyfi til að byggja stúdentagarð með 10 einstaklingsíbúðum, þrjár hæðir með kjallara undir hluta, sem verður hús nr. 44 við Lindargötu.
Erindi fylgir Greinargerð um hljóðvist frá Myrra dags. 10. mars 2022.
Stærð, A-rými: 549,8 ferm., 1.718,3 rúmm.
B-rými: 22 ferm.
Samtals: 571,8 ferm.
Gjald kr. 12.600
Frestað.
Málinu vísað til umsagnar skipulagsfulltrúa.
32. Lindargata 44 (11.525.08) 101081 Mál nr. BN060730
- 540169-6249 Félagsstofnun stúdenta, Háskólatorgi Sæmundar, 101 Reykjavík
Sótt er um leyfi til að koma fyrir 6 einingum djúpgáma á lóð nr. 44 við Lindargötu.
Stærð: 20,8 ferm., 58,5 rúmm.
Gjald kr. 12.600
Frestað. Vísað til athugasemda.
33. Logafold 89 (28.754.01) 110385 Mál nr. BN060695
